

Fyrirvari

Fyrirvari þessi er hluti af greiningu sem sett er fram í hlaðvarpsþætti sem nálgast má á vefsíðunni <https://umraedan.landsbankinn.is/umraedan/hladvarp/>

Landsbankinn hf. (hér eftir „Landsbankinn“ eða „bankinn“) er fjármálafyrirtæki sem starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með bankanum á grundvelli laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Hagfræðideild Landsbankans (hagfraedideild@landsbankinn.is) vann greininguna í samræmi við lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, reglur nr. 1013/2007, um opinbera fjárfestingaráðgjöf, og reglugerð nr. 995/2007, um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Um er að ræða opinbera fjárfestingaráðgjöf sem telst vera fjárfestingarannsókn í skilningi reglugerðar nr. 995/2007.

Landsbankinn eða tengdir aðilar eru með engum hætti ábyrgir fyrir hvers konar tjóni eða tapi, af hvaða tagi sem er, beint eða óbeint, sem fjárfestar kunna að verða fyrir með því að notast við eða nýta sér með öðrum hætti greininguna eða innihald hennar.

Þau sjónarmið sem koma fram í greiningunni byggja á opinberum upplýsingum frá þeim tíma sem greiningin var unnin en Landsbankinn getur ekki ábyrgst áreiðanleika eða réttmæti upplýsinga frá þriðja aðila. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett. Upplýsingar í greiningunni eru settar fram samkvæmt bestu vitund greinenda og geta því verið háðar breytingum, uppfærslu, lokaútgáfu eða endurútgáfu, sem allt getur haft áhrif á þær upplýsingar sem koma fram í greiningunni.

Ef virðismat er sett fram í greiningunni, þá styðst niðurstaða þess m.a. við söguleg fjárhagsleg gögn sem og áætlanir sem ekki hafa verið sannreyndar af Landsbankanum. Útgefandi þeirra fjármálagerninga sem fjallað er um í greiningunni fékk ekki tækifæri til að gera athugasemdir við greininguna áður en hún var gefin út.

Greiningunni er ætlað að vera til upplýsingar og skal hvorki tekið sem tilboði um kaup eða sölu af hálfu Landsbankans. Engin trygging eða ábyrgð er veitt á því að nokkrar af þeim spám eða fyrirætlunum sem lýst kann að vera gangi eftir. Sérhver hlustandi verður að framkvæma eigin athuganir og greiningar á þeim upplýsingum, rekstri eða eignum sem fram koma í greiningunni og þeirri starfsemi sem í henni er lýst. Sérhver yfirlýsing í greiningunni sem vísar til sérgreinds félags eða aðila eða aðilum tengdum þeim, áætlaðrar eða væntrar framtíðarafkomu eða framtíðarstarfsemi, er yfirlýsing um framtíðina sem byggir á núverandi upplýsingum, gögnum og áætlunum. Framtíðarspár og fyrirætlanir eru ávallt háðar ýmsum áhættum og óvissuþáttum sem gætu leitt til verulega breyttra niðurstaðna. Af þessum sökum er hlustandi hvattur til að taka öllum framtíðarspám og fyrirætlunum með fyrirvara og þær skal á engan hátt skoða sem loforð um árangur í rekstri eða ávöxtun fjármuna af hálfu Landsbankans eða tengdra aðila.

Greiningin felur ekki í sér persónulega fjárfestingaráðgjöf í skilningi laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, af hálfu Landsbankans og hefur Landsbankinn ekki metið hvort kaup á viðkomandi fjármálagerningum sé viðeigandi fyrir hlustendur. Hlustendum er bent á að viðskipti með fjármálagerninga fela í sér áhættu og eru þeir því hvattir til að gera sjálfstæða könnun á þeim upplýsingum sem ákvörðun þeirra um fjárfestingu byggir á og leita óháðrar ráðgjafar þar um. Hlustendum er sérstaklega bent á að kynna sér eigin réttarstöðu og leita óháðrar ráðgjafar varðandi fyrirhugaða fjárfestingu þ.m.t. er varðar skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestinguna og/eða um það hvort gjaldeyrishöft snerti fyrirhugaða fjárfestingu að einhverju leyti. Áhættulýsing vegna markaðsviðskipta með fjármálagerninga er aðgengileg á vef Landsbankans, <http://www.landsbankinn.is/um-bankann/stjornarhaettir/reglur/mifid/>.

Til þess að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina Landsbankans hefur Landsbankinn sett sér stefnu um hagsmunaárekstra. Útdrátt úr stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra má nálgast á vef Landsbankans, <http://www.landsbankinn.is/umbankann/stjornarhaettir/reglur/mifid/>.